

FUNDARGERÐ

SKJALALYKILL

7852-002-FUN-009-V01

DAGS. / TÍMI FUNDAR

25.05.2021

NR. FUNDAR

09

VERKHEITI

Svæðisskipulag Suðurrhálandis

VERKKAUPI

SASS

FUNDAREFNI

1. Skipulagslýsing.
2. Samanburður sviðsmynda – umhverfisskýrsla.
3. Sviðsmyndir uppfærsla.
4. Flokkun vega á hálandinu.
5. Ferðaþjónusta – þjónustustaðir.
6. Víðerni.
7. Framsetning uppdráttu.
8. Næsti fundur.

FUNDARGERÐ

IS 25.05.2021

FUNDARBOÐARI

SASS

FUNDARSTAÐUR

Hvolsvöllur

FUNDARMENN

Ari Björn Thorarensen
Ásta Begga Ólafsdóttir, Egill Sigurðsson,

Björn Kristinn Pálmarsson
Halldóra Hjörleifsdóttir, Jón Bjarnason,
Einar Freyr Elínarson
Lilja Einarsdóttir, Guðmundur Úlfar Gíslason
Haraldur Birgir Haraldsson

Björgvin Skafti Bjarnason

Bjarni Guðmundsson
Helgi Kjartansson, Anton Kári Halldórsson
Gísli Gíslason, Ingibjörg Sveinsdóttir, Ragnhildur Gunnarsdóttir

DREIFING

Bjarni Guðmundsson

FYRIRTÆKI

Árborg
Ásahreppur
Bláskógabyggð
Flóahreppur
Grímsnes- og Grafningshreppur
Hrunamannahreppur
Mýrdalshreppur
Rangárþing eystra
Rangárþing ytra
Skaftárhreppur
Skeiða- og Gnúpverjahreppur
UTU
SASS
Verkefnastjórn
Verkfræðistofan EFLA

FYRIRTÆKI

SASS

Drög að umhverfisskýrslu fyrir sviðsmyndir, Skipulagslýsing, skilgreiningar í greinargerð

21.06.2021

DAGSKRÁ OG EFNI FUNDAR

1. Skipulagslýsing

Farið yfir breytingar sem gera þarf á skipulagslýsingu áður en hún verður samþykkt. Nefnt að ástæða sé til að fá Vegagerðina að borðinu, ásamt vegaverkfræðingum EFLU. Mætti vera staðfundur á Selfossi, eða Teams-fundur.

Skipulagslýsing: Fengum viðbrögð við henni frá Skipulagsstofnun. Búið er að ræða í hópnum hvernig bregðast skuli við. Skipulagsstofnun telur að of mikið sé undir og of djúpt farið í saumana á sumum sviðum.

Kynntar eftirfarandi breytingar á skipulagslýsingunni:

Kafli 1.2 Markmið. Bætt er við markmiði sem tekur á loftslagsmálum.

Kafli 1.4 Skipulagsgögn. Svæðisskipulagið verður sett fram á skýringaruppdráttum í greinargerð, landnotkunarfákarnar verða ekki afmarkaðir með nákvæmum hætti. Að hluta til verður staðbundin landnotkun, sér í lagi það sem snýr að ferðamannastöðum, s.s. skálar.

Kafli 2.2 Vernd. Skipulagsstofnun nefndi að það þyrfti að gera grein fyrir víðernum og þau skoðuð nákvæmar á ákveðnum svæðum. Rannsóknasetur Háskólans á Höfn hefur sett fram tillögu að afmörkun víðerna og verður stuðst við hana.

Kafli 3.1.1 Landslag á Íslandi og flokkun þess. Skipulagsstofnun benti á að gera þyrfti grein fyrir þessu.

Kafli 4 Umhverfisáhrif – tafla sem sýnir umhverfisþætti hefur verið uppfærð, ekki efnislegar breytingar en breytt framsetning.

Kafli 5.2 Samráð og kynning: Bæta við eftirtöldum umsagnaraðilum: Fiskistofu, Landsneti og Landsvirkjun.

Annað: Ekki er fjallað ýtarlega um; efnistöku, náttúruvá, landgræðslu og skógrækt, hefðbundnar nytjar.

Samþykkt skipulagslýsingar

Skynsamlegt er að koma skipulagslýsingu sem fyrst af stað í kynningarferli. Það er hægt að gera þó eftir sé að samþykkja starfsreglur í einhverjum sveitarfélögum.

Helgi leggur fyrir fund, hvort skipulagslýsing sé staðfest og samþykkt. Bókað er að hún er samþykkt.

Birgir sendir til allra sveitarfélaga drög að næstu skrefum til að koma skipulagslýsingu í ferli. Áður en skipulagslýsingin verður auglýst þarf að samþykkja hana í sveitarstjórnnum allra sveitarfélaga.

2. Samanburður sviðsmynda – umhverfisskýrsla

Kynnt niðurstaða sviðsmynda frá síðasta fundi. Niðurstaða var ekki í öllum tilfellum samhljóma.

E.t.v. ætti að bæta við þeim möguleika að meta áhrifin mjög jákvæð og mjög neikvæð.

Sviðsmynd A fær frekar neikvæða niðurstöðu á heildina litið.

Umræður

Tillaga ráðgjafa að niðurstöðum er í samræmi við umræður og mat á áhrifum á síðasta fundi.

Í sviðsmynd D er verið að tala um allt að því láglandisveg. Áhrif á efnahag og atvinnulíf er ekki sama og upplifun ferðamanna af uppbyggingunni. Ef áhrifin eru hugsuð út frá ferðapjónustu þá geta þau verið neikvæð. Áhrifin ættu hugsanlega að vera háð útfærslu en ekki neikvæð. Ekki miða eingöngu við ferðamenn heldur líka sauðkindina. Betri vegir þýða fleiri tækifæri og þar með mögulega jákvæð áhrif á atvinnulíf. Sviðsmynd D hefur neikvæð áhrif þegar kemur að áhrifum af upplifun ferðamanna.

Samgöngur. Þurfum að setja fram hvernig við sjáum uppbyggingu vega á hálendinu. Hægt að útfæra hlutina með ýmsum hætti, t.d. að skerða víðerni sem minnst, hraðatakmarkanir. Vegirnir eru í lykilhnutverki í þessari vinnu, þ.e. hvernig þeir verða. Ef vegir eru góðir og vel gerðir í upphafi þá er minna viðhald og minni kostnaður, bílarnir fara ekki eins illa á góðum vegum.

3. Sviðsmyndir uppfærsla

Loftslagsmál

Rætt um forsendur fyrir mati á losun gróðurhúsalofttegunda. Loftslagssérfræðingar EFLU verða fengnir til að skoða loftslagsmálin. Lagt til að nota þekktan staðal við matið. Niðurstöðurnar gætu legið fyrir næsta haust. Lagt til að fá kynningu á kolefnismálum og losun gróðurhúsalofttegunda inn á fund á seinni stigum.

Til eru mismunandi aðferðir við mat á kolefni. Það er hægt að nálgast upplýsingar um nákvæmni hvernar aðferðar. Nákvæmnin fer eftir nákvæmni þeirra gagna sem lögð eru til grundvallar. Auðveldara er að reikna út losun frá farartækjum heldur en af landnotkun.

Gerð grein fyrir hverjir eru helstu losunarþættir fyrir íslensk sveitarfélög. Það eru landnotkun, breytingar á landnotkun og skógrækt, og vegur framræsing votlendis þar þyngst. Því þarf að hafa í huga hvers konar land fer undir mannvirki, t.d. vegi. Stóriðja er stór losunarþáttur, einnig samgöngur og losun frá landbúnaði ásamt áburðarnotkun. Horfa þarf til úrgangsmála og setja stefnu um meðhöndlun úrgangs. Innan svæðisins er nú unnið að uppgræðslu sem og skógrækt. Unnið er að landgræðslu víða. Hvort tveggja eru þetta þættir sem binda kolefni.

Hægt er að reikna út svæðisbundið kolefnisspor og einfalt kolefnisspor. Búið er að reikna út kolefnisspor fyrir Suðurland. Bjarni sendir skýrslu um niðurstöðuna.

Vegamál

Afstaða til uppbyggingar vega á hálendinu er misjöfn. Lítil uppbygging getur stutt við verndun og heilsársvegir með 90 km hraða getur haft neikvæð áhrif því svæði geta orðið ofsetin.

Rætt hefur verið við samgönguverkfræðinga EFLU. Að byggja vegi á hálendinu upp að einhverju leyti heldur viðhalds- og rekstrarkostnaði í lágmarki. Sýndar voru mismunandi útfærslur af Kaldadalsvegi, þ.e. veglínur m.v. mismunandi hönnunarhraða vegarins. Með því að taka niður skiltaðan hámarkshraða á köflum er hægt að fella veg betur að landinu.

Sviðsmyndir

Sviðsmynd A er óbreytt.

Sviðsmynd B. Breytingar frá fyrri tillögu sviðamyndar eru þessar: Stofnvegir eru með hámarkshraða 60 km/klst. Leyfilegt er að lækka hámarkshraða niður í 40 km/klst þar sem landslag kallar á það. Uppbyggðir vegir miðast við að vegir afvatni sig. Halli vegfláa er lítill (1:6). Engin skerðing víðerna. Opnun vega er 4-6 mán/ári.

Sviðsmynd C. Breytingar frá fyrri tillögu sviðamyndar eru þessar: Stofnvegir um Kjöl og Sprengisand með hámarkshraða 60-70 km/klst. Meira uppbyggðir vegir en í sviðsmynd B. Halli fláa meiri en í sviðsmynd B (1:4). Skerðing víðerna 3 km. Opnun vega er 6-8 mán/ári.

Sviðsmynd D er óbreytt.

Umræður um sviðsmyndir

Vegagerðin borgar svo hver er afstaða þeirra til uppbyggingar veganna? Hvað eigum við að hafa ýtarlega skoðun á vegunum í skipulaginu? Okkar að ákveða þetta.

Sviðsmynd D er óraunhæf og út úr kortinu. Hver er arðsem framkvæmdarinnar? Erfitt að rökstyðja svona veg. Ekki til í að fá þungaflutninga t.d. í gegnum Geysissvæðið. Góður hálendisvegur styttr vegalengdir fyrir þungaflutninga. Í B og C er verið að hugsa um ferðamannaveg en ekki veg fyrir þungaflutninga. D er leið fyrir þungaflutninga en ekki hinar sviðsmyndirnar. Það verður að gera ráð fyrir að því verði stýrt hvenær vegirnir eru opnir, m.t.t. þess að vegurinn og landið sé tilbúið fyrir umferðina, sama og gert er í dag. Engar líkur á að tillaga með sviðsmynd D verði samþykkt í samfélaginu. Ef heilsársopnun er á vegunum verður nóg að gera hjá björgunarsveitunum að bjarga ferðamönnum. Sér ekki fyrir sér 90 km hraða á hálendinu.

Hægt að velja ýmist B eða C sviðsmynd eftir svæðum. C er raunhæfasti kosturinn, líka ef á að vera með raforkuflutning yfir hálendið, þá verða vegur og lína innan mannvirkjabeltisins. Sviðsmynd C á að rúma einhverja útfærslu af Sprengisandslínu, með lítilli skerðingu á víðernum.

Ekki sátt við núverandi ástand og heldur ekki að það verði hraðbraut fyrir vöruflutninga.

Áherslan á að vera á stofnvegina og minni á landsvegina. Stofnvegirnir þurfa að vera færir á heimilisbílnum. Yfirborðið þannig að hægt sé að keyra vegina. Það verða áfram lélegir vegir/slóðar sem hægt verður að aka fyrir þá sem það vilja. Til hvers er verið að laga vegina ef bara á að fara á milli staða? Umferð verður meiri með betri vegum. Val að fara yfir hálendið frekar en þjóðveg 1. Í lagi að fleiri en jeppaeigendur komist á hálendið. Umferðin dreifist, verður ekki endilega meiri. Betri rekstrargrundvöllur fyrir rekstur þjónustustaða á hálendinu.

Bent á vel heppnaða framkvæmd við lagfæringu á Þingvallavegi. Alveg eins hægt að gera svona vel á hálendinu.

4. Flokkun vega á hálendinu

Kynntar voru hugmyndir að breyttri skilgreiningu fyrir vegi, þ.e. breytingar frá landsskipulagsstefnu. Lagt er til að vera með 2 flokka stofnvega, og að auki flokk fyrir landsvegi.

Farið var yfir töflu 4, drög að nýrri skilgreiningu á hálendisvegum.

TAFLA 4. Drög að nýrri skilgreiningu á hálendisvegum.

TEGUND	LÝSING Á VEGI	VEGIR
Vegur A (Sviðs- mynd C)	Skiltaður hámarkshraði 60-70 km/klst. Engar brekkur/beygjur sem kalla á að hraði sé tekinn niður. Vegum lyft talsvert upp úr landinu, ár og lækir brúaðir. Halli á fláum og skeringum, max 1:4. Vegur opnir 6-8 mánuði á ári.	<ul style="list-style-type: none"> • Kaldadalsvegur • Kjalvegur • Sprengisandsleið • Fjallabaksleið nyrðri vestan Landmannalauga • ????
Vegur B (Sviðs- mynd B)	Skiltaður hámarkshraði 60-70 km/klst. Leyfilegt að lækka hámarkshraða niður í 40 km/klst. ef landslag „kallar á það“ Uppbyggðir vegir sem miðast við að þeir afvatni sig, ár og lækir brúaðir. Lítill halli á fláum og skeringum, max 1:6. Vegur opnir 4-6 mánuði á ári.	<ul style="list-style-type: none"> • Fjallabaksleið nyrðri austan Landmannalauga • Skjaldbreiðarvegur • Kerlingarfjallavegur • ????
Vegur C (Sviðs- mynd A)	Ruddir eða ofanibornir vegir. Vegur lagðir í landið, ár og lækir yfirleitt óbrúað. Opnast þegar snjóa leysir og land þornar, lokast í fyrstu snjóum á haustin.	<ul style="list-style-type: none"> • Hlöðuvallavegur • Hagavatnsvegur • Haukadalsvegur • Öldufellsleið • Emstruleið • Þórsmerkurvegur • Langisjór • Álftavatnskrókur • Jökulheimaleið • Veiðivatnaleið • Dómadaalsleið • Fjallabaksleið syðri • Lakagígavegur • Lakavegur

Umræður um flokkun vega

Purfum við að skorða okkur við við hámarkshraða? Ætti að hækka hraðann í 60-80 km/klst. Erfitt að sleppa því að hafa hámarkshraða því hönnunarhraðinn segir svo mikið til um hönnun og útlit vegarins. Því meiri hraði því meiri uppbygging og beinni vegur.

Spurt er – bundið slitlag eða ekki? Nokkuð einróma álit hópsins er bundið slitlag. Þjórnar ekki tilgangi sínum að gera þetta öðruvísi.

Hópur 4 á fjarfundum í lok apríl, var þeirrar skoðunar að Fjallabaksleið nyrðri ætti ekki að vera með bundnu slitlagi. Kæmi e.t.v. til greina að skilgreina þann hluta vegarins sem landsveg?

Nefnd sem dæmi vegur milli Oslóar og Bergen og Þrándheims, sem og þjóðgarða í USA: Þessir vegir eru hlykkjóttir, lagðir í landið, eru með bundnu slitlagi og hraði tekinn niður þar sem þess þarf.

5. Ferðapjónusta - þjónustustaðir

Kynntar hugmyndir að breytingu á skilgreiningu fyrir starfsemi í skálum, þ.e. á jaðarmiðstöðvum, hálandismiðstöðvum og skálasvæðum. Skilgreiningin er lítillega breytt frá því sem er í landsskipulagsstefnu. Breytingin er einkum gerð til að skýra skilmála fyrir hvern stað og eftir atvikum að gera breytingar á flokkun skála. Við flokkun skála verði haft í huga að við stofnvegi verði reiknað með meiri þjónustu en við aðra vegi/slóða.

TEGUND	SKILGREINING Á STARFSEMI	STAÐIR
Jaðarmiðstöð	Eru efst í byggð, á jaðarsvæðum hálandisins, eða þéttbýlisstaðir í byggð. Eru við meginleiðir inn á hálendið. Alhliða þjónusta við ferðamenn; gisting á hótelum, gistiheimilum, tjaldsvæði, verslun og veitingar, fræðsla og eftirlit. Þjónusta allt árið.	Utan svæðis: Gullfoss Hella Kirkjubæjarklaustur Sandártunga Þingvellir
Hálendismiðstöð	Eru á hálendinu, við meginleiðir. Ýmis þjónusta við ferðamenn; gistiheimili, tjaldsvæði, verslun og veitingar, fræðsla og eftirlit. Möguleiki á þjónustu stóran hluta ársins. Mannvirki séu lágreist og falli að landi.	Árbúðir Hólaskjól Hrauneyjar Húsadalur Kerlingarfjöll <u>Nýidalur</u>
Skálasvæði	Eru á hálendinu, við aðrar helstu ferðaleiðir. Ýmis þjónusta við ferðamenn; gistiskálar, tjaldsvæði, fræðsla og eftirlit. Þjónusta einkum yfir sumartímann en möguleiki á þjónustu allt árið. Mannvirki séu lágreist og falli að landi.	Álftavatn Básar Blágil <u>Emstrur</u> Geldingafell Gíslaskáli Landmannahellir Landmannalaugar Langidalur Svínárnes Veidivötn Versalir
Fjallasel	Að jafnaði stakir fjallaskálar sem þjóna einkum göngu-, hesta- og hjólríðafólki. Gisting í gistiskálum og/eða tjaldsvæði. Fræðsla og eftirlit. Þjónusta yfir sumartímann. Mannvirki séu lágreist og falli að landi.	Aðrir skálar

Umræður um þjónustustaði

Miðstöð verði við Markarfljót og þangað ætti e.t.v. að vera heilsársvegur og svo göngubrú yfir í Húsadal. Þessi staður gæti verið jaðarmiðstöð. Landmannalaugar ættu hugsanlega að vera hálandismiðstöð.

Spurt hvort þurfi að telja staðina upp, þegar þeir eru upptaldir í Landskipulagsstefnu? Eðlilegt er að telja staðina upp, einkum ef hugmyndir eru um breytingar á flokkun þeirra frá landsskipulagsstefnu. Rökstyðja þarf slíkar breytingar.

6. Víðerni skilgreiningar

Farið var yfir mismundandi skilgreiningar á víðernum. Þ.e. skv. lögum um náttúruvernd og einnig skilgreiningu Rannsóknaseturs Háskólans á Höfn.

Ræddar voru eftirfarandi hugmyndir að afmörkun víðerna:

Álitamál um mismunandi skerðingu víðerna

Engin skerðing víðerna

- Fjallasel.
- Lítið uppbyggðir stofnvegir sem felldir eru að landinu, skv. sviðsmynd B.

Skerðing víðerna um 1 km

- Miðlunarlón
- Skálasvæði

Skerðing víðerna um 3 km

- Stíflur miðlunarlóna
- Stöðvarhús og tengivirki virkjana
- Háspennulínur undir 220 kV
- Hálendismiðstöðvar
- Uppbyggðir stofnvegir á hálendi skv. sviðsmynd C

Skerðing víðerna um 5 km

- Háspennulínur 220 kV og stærri

Skerðing víðerna um 10 km

- Vindmyllur sem eru 100 m eða hærri

Umræður um víðerni

Tekið var undir hugmyndirnar hér að ofan. Auk þess var rætt um að jarðstrengir skerði ekki víðerni en búnaður á endum þeirra skerða víðerni.

Fjallað verði um skerðinguna hér að ofan sem hámarks skerðingu fyrir tiltekin mannvirki.

7. Framsetning uppdráttar

Sýnd framsetning skýringarmynda sem verða í greinargerð/forsenduhefti. Auk þess verða mögulega stærri uppdrættir í viðauka.

8. Næsti fundur

21. júní, líklega í Vík.